

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings vegna Húsavíkurhöfða.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. nóvember 2019 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 29. október 2019.

Aðalskipulagsbreytingin felst í að stækka landnotkunarreit V4 úr 5,4 ha í 6,7 ha til norðurs á kostnað opins svæðis til sérstakra nota og íbúðarsvæðis Í1.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 29. nóvember 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Hafdís Hafliðadóttir.